

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2015

2016/EES/42/17

frá 30. apríl 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1342/2014 frá 17. desember 2014 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 1342**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1342/2014 frá 17. desember 2014 (Stjtið. ESB L 363, 18.12.2014, bls. 67).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1342/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 363, 18.12.2014, bls. 67.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.